


Alþingi
Erindi nr. p 123/1212
komudagur 3.3.1999



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 3. mars 1999

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd 528. mál, umsögn frá Veiðimálastofnun

Undirritaður vill þakka umhverfisnefnd Alþingis tækifærið til að fjalla um frumvarp til laga um náttúruvernd. Um er að ræða mjög mikilvæg lög, sem snerta umgengni um náttúru Íslands.

Í frumvarpinu hefur gleymst mikilvægur þáttur í íslenskri náttúru er snertir okkur á Veiðimálastofnun, það er lífríki ferskvatns. Í lögnum er Veiðimálastofnun algerlega sniðgenginn, en er þó sú stofnun sem sinnir rannsóknum í fersku vatni, bæði í staumvötnum og stöðuvötnum, ekki einungis á fiskstofnum, heldur einnig á öllu lífríki. Þetta gæti stafað af því að nýverið var lögum um stofnunina breytt og er hún í dag rannsóknastofnun á þessu sviði. Stjórnarsýsla veiðimála er í höndum embættis Veiðimálastjóra, sem var aðskilið frá stofnuninni. Það hlýtur að vera eðlilegt að nýta þá þekkingu sem til er á þessu sviði til verndar náttúrunni. Því finnst okkur eðlilegt að stofnunarinnar sé getið á viðeigandi stöðum og ráð fyrir því gert að hún komi að málum. Þetta á við í 4. gr. laganna um stefnumótun og í 10. gr. um Náttúruverndarþing, þar er eðlilegt að stofnunin fái sæti. Ef til vill vantar aðkomu stofnunarinnar víðar í frumvarpið, en ekki er tími til að finlesa frumvarpið í þessu tilliti.

Í 41. gr. er talað um innflutning framandi lífvera. Full ástæða er til að Veiðimálastofnun komi að málum og einnig Hafrannsóknastofnun, því hingað hafa verið fluttir stofnar og tegundir bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska til eldis. Þessir stofnar hafa sloppið út í íslenska náttúru. Án efa verður í framtíðinni sótt eftir innflutningi fiskstofna og tegunda og verður þá að vara hægt að áhættumeta vistfræðileg og erfðafræðileg áhrif þeirra á íslenska náttúru, áður en leyfi er gefið. Í dag er í raun fátt sem fær hindrað innflutning ef sjúkdómamál eru frátalin. Varðandi VI kafla er eðlilegt að leitað verði umsagnar til Veiðimálastofnunar um efnisnám (malartekju) úr ám og áreyrum svo og úr vötnum (möl, kfsilgúr). Þar gilda einnig ákvæði laxveiðilaga um leyfi Veiðimálastjóra. Um friðlýsingar 53. grein er eðlilegt að leitað sé til stofnunarinnar varðandi svæði með sérstöku lífríkis þar sem vatnasvæði og áhrif vatns skiptir oft gríðarlegu máli (dæmi Mývatn/Laxá, Veiðivötn, Þingvallavatn/Sog, Arnarvatnsheiði/Tvídægra) svo og um náttúrumyndanir í ám og vötnum.

Að öðru leyti virðist frumvarpið vera gott skref fram á við til verndunar íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllt

Dr. Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri